

Ed.

412. Breytingartillögur

[12. mál]

við frv. til áfengisлага.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „ $3\frac{1}{2}\%$ af vínanda að þunga“ komi $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli.

2. Við 28. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svolatandi:

Á árunum 1955—1964 skal leggja til hliðar ákveðinn hundraðshluta af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins. Árið 1955 skal þessi hundraðshluti nema 10% af hreinum ágóða verzlunarinnar, en síðan skal hann hækka árlega um 10% af ágóðanum, þar til árið 1964, að allar tekjurnar eru lagðar til hliðar.

Fé því, er þannig aflast, skal ráðstafa sem hér segir:

Helmingi fjárins skal varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa, lækninga- og heilsuverndarstöðva, elliheimila og hæla og vinnuheimila fyrir öryrkja. Hinum helmingnum skal varið til þess að veita hagkvæm og ódýr lán til byggingar verkamanna-bústaða, smáibúða, félagsheimila og gistihúsa, sem ekki hafa vinnveitingaleyfi.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um styrki og lánveitingar samkvæmt þessari grein.